

AUGLÝSING

um samning um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum.

Hinn 13. maí 2003 var sendiráðum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli Danmerkur, Íslands og Noregs frá 16. mars 2001 um samstarf í samkeppnismálum sem gerður var í Helsinki 10. apríl 2003, sbr. auglýsingu í C- deild Stjórnartíðinda nr. 11/2001 þar sem samningurinn frá 16. mars 2001 er birtur. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 30. maí 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum.

Danmörk, Ísland, Noregur og Svíþjóð,

- sem leitast við að efla frekar og gera samstarfið milli samkeppnisyrvalda formlegra í því skyni að stuðla að skilvirkari framkvæmd samkeppnislöggjafar í hverju landanna um sig,
- sem samkvæmt samkeppnislöggjöf í þeirra eigin löndum geta sent áfram upplýsingar til samkeppnisyrvalda annarra landa, sem bundin eru þagnarskyldu samkeppnisyrvalda, ef áframsendingin er nauðsynleg til þess að efla framkvæmd samkeppnislöggjafar þessara landa og áframsendingin á sér stað í því skyni að fullnægja tvíhliða eða marghliða skuldbindingum landanna,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aðild.

Við gildistöku samnings þessa gerist Svíþjóð aðili að samningi Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 16. mars 2001, hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn“, í samræmi við 6. gr. samningsins.

Sænskur texti samstarfssamningsins, fylgiskjal 1, skal jafngildur dönsku, íslensku og norsku textunum.

2. gr.

*Breytingar á samningi milli Danmerkur, Íslands og Noregs
um samstarf í samkeppnismálum.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á samstarfssamningnum:

- Í heiti samstarfssamningsins komi „ , Noregs og Svíþjóðar“ í stað „og Noregs“.
- Í 1. línu inngangsins komi „ , Noregur og Svíþjóð“ í stað „og Noregur“.
- Í 1. lið inngangsins komi „ , norskra og sænskra“ í stað „og norskra“.

- d) Í 1. lið inngangsins komi „fjögurra“ í stað „þriggja“.
- e) Í 2. lið inngangsins komi „ , Noregs og Svíþjóðar“ í stað „og Noregs“.
- f) Eftirfarandi iv-liður bætist við eftir iii-lið í 1. mgr. a-liðar 1. gr.: „iv) að því er varðar Svíþjóð lög nr. 20/1993, samkeppnislög með síðari breytingum.“
- g) Eftirfarandi iv-liður bætist við eftir iii-lið í 2. mgr. a-liðar 1. gr.: „iv) að því er varðar Svíþjóð: Konkurrensverket.“
- h) Í c-lið 1. gr. komi „ , „yfirtaka fyrirtækja“ og „samþjöppun fyrirtækja“ í stað „og „yfirtaka fyrirtækja“.
- i) Eftirfarandi iv-liður bætist við eftir iii-lið í c-lið 1. gr.: „iv) að því er varðar Svíþjóð: 34. gr. samkeppnislaga nr. 20/1993.“
- j) Í 1. mgr. 2. gr. komi „ , í Noregi og í Svíþjóð“ í stað „og í Noregi“.
- k) Í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. komi „eða fleiri“ í stað „tvennra eða allra þrennra“ og „tveggja eða allra þriggja“.
- l) Í c-lið 1. mgr. 2. gr. komi „ , yfirtöku fyrirtækis eða samþjöppun fyrirtækja“ í stað „eða yfirtöku fyrirtækis“, „ , yfirtökunni eða samþjöppuninni“ í stað „eða yfirtökunni“ og „ , í Noregi eða í Svíþjóð eða í mörgum landanna“ í stað „eða í Noregi eða í tveimur löndum eða öllum þremur“.
- m) Í 2. mgr. 2. gr. komi „ , yfirtökur fyrirtækja eða samþjöppun fyrirtækja“ í stað „eða yfirtökur fyrirtækja“.
- n) Eftirfarandi d-liður bætist við eftir c-lið í 2. mgr. 2. gr.: „d) að því er varðar Svíþjóð: til Konkurrensverket.“
- o) Í 3. mgr. 2. gr. komi „ , norsk og sænsk“ í stað „og norsk“.

3. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að öll innlend skilyrði fyrir gildistöku hafi verið uppfyllt.

Gjört í Helsinki hinn 10. apríl 2003 í einu eintaki á dönsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.